

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Stykkishólmur Ögur



Dags eftirlits	29.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Stykkishólmur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hafnargötu 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620269 7009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Steinsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Puríður Ragna Stefánsdóttir	Staðsetning	370295,874 514886,814

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit og varða eftirfarandi: 1) viðbragðsáætlun var ekki til staðar þegar eftirlit fór fram, 2) ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar lá ekki fyrir við eftirlit, 3) ófullnægjandi skráningar vegna innra eftirlits rekstraraðila, 4) fullnægjandi aðstaða vegna vöktunar grunnvatns umhverfis urðunarstað er ekki til staðar og 5) rekstraraðili skilaði ekki inn ársyfirliti með árlegum skráningum innan tilskilins tímafrests.

Opin eru tvö eldri frávik er varða sömu atriði í tveimur af ofangreindum frávikum úr eftirliti ársins 2025. Ekki hafa farið fram fullar úrbætur á þeim.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélags Stykkishólms við Ögur í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila heimilar móttöku og urðun úrgangs, að hámarki 500 tonn á ári. Fjallar starfsleyfið nánar um urðun óvirks úrgangs sem og jarðgerðar lífræns úrgangs. Geymsla á 20 tonnum af timbri fyrir jarðgerð er einnig heimiluð inn á urðunarstað. Starfsleyfi var gefið út þann 11. nóvember 2021 og er gildistími þess til 11. nóvember 2037.

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Starfsleyfið
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

1. Opin eru tvö eldri frávik úr eftirliti ársins 2024 og varða þau ófullnægjandi skil á skráningum innra eftirlits rekstraraðila og að ekki hefur verið sett upp fullnægjandi aðstaða til mælinga og vöktunar á grunnvatni, engin vöktun hefur því farið fram þar sem ekkert vatn hefur fundist í sýnatökubrunnum, frávikið er enn opið. Var einnig sett fram ábending vegna vörslu á gámum inn á urðunarstað sem ekki tilheyrði starfsemi urðunarstaðar en hafa þeir nú verið fjarlægðir. Þann 27. janúar 2025 barst stofnuninni uppfærðar skráningar vegna ársins 2023, lágu þó ekki fyrir skráningar með niðurstöðum á vöktunarmælingum, stöðu urðunarstaðar með urðunarymisútreikningum, sigmælingum og skráningum á daglegri uppgufun. Ekki hafa farið fram úrbætur vegna þessa atriða og því eru frávikið enn opið.

2. Farið var ýtarlega yfir starfsleyfið með nýjum fulltrúa rekstraraðila.

3. Skráningum var ekki skilað vegna ársins 2024, en skráningum ber að skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert vegna skráninga undangengis rekstrarárs. Rekstraraðili skilaði inn úrgangsskráningum í gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar þann 22. júlí 2025, en ber einnig að skila þeim skráningum út frá kröfum í starfsleyfi í ársyfirliti. Til umfjöllunar var gjaldtaka vegna urðunar úrgangs og fyrirkomulag sorpsöfnunar í sveitarfélaginu.

4. Fjallað var um að ef fyrirhugaðar væru breytingar á rekstri, þyrfti að upplýsa það til Umhverfis- og orkustofnunar, m.a. þær sem kunna að hafa áhrif á skipulag nærliggjandi svæðis. Fjallað var um umhverfismarkmið, en sveitarfélagið sjálft starfar eftir vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi. Rætt var um að kostur væri að útvíkka umhverfismarkmið rekstraraðila gagnvart rekstrinum í Ögri. Í eftirliti var óskað eftir viðbragðsáætlun sem unnin er út

frá áhættumati, vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda sem er byggð á grundvelli 18. gr laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Engin viðbragðsáætlun lá fyrir og því er það frávik, einnig lág ekki fyrir afrit af ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar og er það einnig frávik.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá síðasta ári.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits. Fjallað var um breytingar á fyrirkomulagi skila á Umhverfissupplýsingum, en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025, og ber hún nú nafnið reglugerð um umhverfissupplýsingar. Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald er á sama tíma felld úr gildi. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfissupplýsingum rafrænt til Umhverfis- og orkustofnunar.

7. Til umfjöllunar var grein í starfsleyfi er varðar jarðgerð og um bestu aðgengilega tækni gagnvart líffræðilegri meðhöndlun sbr. rg. nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Var fjallað hvernig verklag væri til staðar til að ná fram kjöraðstæðum fyrir jarðgerðina, en rekstraraðili fær til sín verktaka til að sinna jarðgerðinni. Rekstraraðila var bent á að framleiðsla áburðar og jarðvegsbætandi efna eigi að vera tilkynnt til Matvælastofnunar og skráð þar.

8. Farið var í vettvangsskoðun inn á urðunarstað. Þarf rekstraraðili að fara í lagfæringar á girðingum og hliðum sem takmarka aðgengi inn á urðunarstaðinn en þær eru ekki í góðu ásigkomulagi eftir síðasta vetur. Ekki eru settar athugasemdir vegna daglegs frágangs en minnt á að þegar kemur að lokun urðunarstaðar, að þá skal leitast við að fella urðunarstaðinn, í endanlegri mynd, sem best að landslagi umhverfisins.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.5 í starfsleyfi:	Viðbragðsáætlun sbr. 18 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfsemi lá ekki fyrir við eftirlit.
gr. 2.7 í starfsleyfi:	Afrit af gildandi ábyrgðartryggingu vegna mögulegrar bráðamengunar lá ekki fyrir við eftirlit.
gr. 4.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili tekur ekki saman fullnægjandi skráningar vegna innra eftirlits starfseminnar. Skráningum hefur eingöngu verið skilað inn vegna móttekins úrgangs vegna ársins 2024, vantar inn aðrar skráningar. Varðar þetta frávik einnig eldra frávik sem er opið.
gr. 4.2 í starfsleyfi:	Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera til staðar svo unnt sé að fylgjast með mengun sem frá starfseminni kann að berast. Varðar þetta frávik einnig eldra frávik sem er opið.
gr. 4.2. í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Ársyfirliti fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir